

Reykjavík 16. febrúar 2015

Alþingi við Austurvöll
b.t. Allsherjar og menntamálanefndar
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um meðferð sakamála og lögreglulög (skipan ákærvalds, rannsókn efnahagsbrotamála o.fl.), 430. mál..

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verkefni peningaþvættisskrifstofu ríkislögreglustjóra færist til nýs embættis héraðssaksóknara sem einnig fer með rannsókn efnahagsbrota. Samkvæmt þeim upplýsingum sem SFF hafa er tilefni tilfærslunnar m.a. viðleitni til að styrkja rannsókn lögreglu á tilkynningum til lögreglu um grun um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka á grunni tilkynninga skv. lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, vegna þess að Fjármálaaðgerðihópurinn (Financial Action Task Force/FATF), sem Ísland er aðili að, hefur gert úttektir á þessum málum hér á landi og hefur gert alvarlegar athugasemdir við hversu lítið bolmagn peningaþvættisskrifstofan hefur á þessu sviði. Sú ástæða er þó ekki tilgreind sérstaklega í athugasemdum við frumvarpið.

Fjármálafyrirtæki eru í fremstu víglínu í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka enda er sú þjónusta sem þau veita ein af grunnstoðum efnahagslífsins. Þessi barátta er viðvarandi verkefni sem fjármálafyrirtæki taka mjög alvarlega enda er hún gríðarlega mikilvæg til að traust ríki gagnvart fjármálageiranum. Slíkt traust í viðskiptum er mikilvægt fyrir fjármálafyrirtækin sjálf, viðskiptavinum þeirra og fyrir efnahagslífið í heild. Í þessu sambandi má nefna að á árinu 2010 bárust 413 af 414 tilkynningum til lögreglunnar um peningaþvætti frá fjármálafyrirtækjum, og árið 2009 voru þær 483 af 484. Þessar tölur sýna hversu föstum tókum fjármálageirinn hefur tekið þessi mál.

Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru samstarfsverkefni einkageirans og hins opinbera. Í þessu verkefni gegna stjórnvöld eins og lögregla og fjármálaeftirlit lykilhlutverki. Á síðustu árum hefur vantað bolmagn hjá peningaþvættisskrifstofu ríkislögreglustjóra til að rannsaka þessar tilkynningar og fylgja þeim eftir með fullnægjandi hætti. SFF telja það afar brýnt að efla verulega rannsókn tilkynninga sem berast um grun um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka til hins opinbera. Samtökin eru því fylgjandi sérhverri viðleitni til þess að styrkja starfsemi hins opinbera á þessu sviði án þess að taka sérstaklega afstöðu til tilfærslu starfseminnar til héraðssaksóknara.

SFF vilja þó benda sérstaklega á að verði frumvarpið lögfest þarf að koma fram í lögum að aðskilnaður þarf að vera milli þeirra starfsmanna héraðssaksóknara sem vinna við móttöku, greiningu og rannsókn tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og

fjármögnun hryðjuverka og annarra starfsmanna embættisins, áður en slíkar tilkynningar hafa verið metnar og formlega sendar til rannsóknar vegna ætlaðra refsilagabrota. Slíkar tilkynningar eru undanþága frá almennri leynd sem um slíkar upplýsingar gildir samkvæmt m.a. lögum um persónuvernd auk reglna um þagnarskyldu skv. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Telja samtökin réttast að héraðssaksóknara verði gerð skýr aðgreining starfa frá upphafi til að tryggja samfellu í framkvæmd sem og treysta ásýnd og trúverðugleika stofnunarinnar.

Loks er bent á að frumvarpshöfundum virðist hafa láðst við gerð frumvarpsins að leggja til breytingar á viðeigandi ákvæðum í V. kafla í lögum nr. 64/2006, um tilkynningar til lögreglu, sem við breytinguna verða tilkynnintar til héraðssaksóknara.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.